

margir taðspaðar á lofti hjá nokkurri þjéð, er um hennar stærsta velferðarspursmál er að tefla, eins og meðal Íslendinga í sumar. Og tæplega trúum vér öðru, en að margur góður drengur hálfskammist sín fyrir samverknaðinn í þeirri getsaka og illyrða hrotu.

Það ætti að vera markmið allra, að styrkja hendur Skúla til þess, að vinna alt það er hann má til hags og heilla, og hver sem skoðan manna kann annars að vera, þá ætti enginn að sjá ofsjónum yfir því að hann mætti vel, því alt það gott er framkvæmist, verður Íslands hagur, og allt það gott er ekki fær fram að ganga, Íslands óhamingja. En einmitt er hættan mest að öfundsýki vaxi upp af illdeilunum. Menn vilja vera sannspáir, vera spámenn, þótt þeir sé engir spámenn, já, en blátt áfram eintómir angurgapar.

Vilji þjóðin fram, þarf hún að ganga fram, ekki að snúast að þeim, er kastar perlum sínum fyrir hana og rífa hann á hol.

Peir sem þekkja Skúla telja hann bezta dreng, eða svo vill Þorsteinn Erlingssyni segjast frá, sem mannþekkjari er einna mestur. Og vonum vér allir að hann verði giftudrjúgur öllum sínum framkvæmdum Unga Íslandi til eflingar.

Skúli Thoroddsen er fæddur 6. Jan. 1859, í Haga í Barðastrandasýslu. Snemma byrjaði hann á skólalærðómi, því 25 ára lauk hann lögfræðisprófi við Háskólann í K. höfn. Sama árið, 1884 er honum veitt Ísafjarðarsýsla, og er hann sýslumaður þar upp að 1895. 1886 stofnaði hann blaðið „Pjóðviljann“ og 1901 keypti hann Bessastaði, og hefir búið þar síðan.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

UTGEFENDUR: NOKKEIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gisli Jónsson, 582 Sargent Ave.